



HRUNAMANNAHREPPUR

70. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILID 2022 – 2026

11. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2025, þann 3. júlí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Ragnhildur S. Eypórsdóttir í forföllum Herberts Haukssonar, Arna Þöll Sigmundsdóttir í forföllum Daða Geirs Samúelssonar og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Veitu- og framkvæmdanefnd: Fundargerð 18. fundar frá 23. júní 2025.

Lögð fram fundargerð 18. fundar Veitu- og framkvæmdanefndar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða þá tillögu nefndarinnar að gangstétt verði malbikuð frá Reynihlíð út fyrir Birkihlíð 8-10. Sé viðauki vegna þessa nauðsynlegur verður hann lagður fram að loknu sumarleyfi. Einnig samþykkir nefndin að malbikun á gámasvæði verði frestað til ársins 2026. Varðandi lið 4, vatnsveita Blákvísl samþykkir sveitarstjórn þá tillögu nefndarinnar að ráðinn verði ráðgjafi til að vinna að undirbúningi framkvæmdarinnar í samræmi við bókun nefndarinnar. Skýrsla Guðmundar Daníelssonar um Blákvíslarveitu verði einnig send sveitarstjórn til upplýsingar. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

2. Fundargerð 305. fundar skipulagsnefndar frá 25. júní 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. júní sl.

Lögð fram fundargerð 305. fundar skipulagsnefndar frá 25. júní 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. júní sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 24. Dalabyggð 31: Aukið byggingarmagn og nýtingarhlutfall; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Dalabyggðar í landi Hrunamannahrepps. Í breytingunni felst aukning á byggingarheimildum m.t.t nýtingarhlutfalls.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

ABS ARJ RSE BV

Mál nr. 25. Iðnaðarsvæði I1 í Flatholti: Deiliskipulag.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til iðnaðarsvæðis I1 í Flatholti eftir auglýsingu. Deiliskipulagi þessu fylgja engar byggingaheimildir. Heimilt er að láta lausabúnað standa til langframa innan lóðar, s.s. gáma, bíla, hjólhýsi (stöðuhýsi), vélahluti, byggingarefni eða álíka muni. Lóðarhafi skal ávallt huga að lóð sinni og halda henni þannig að engin hætta stafi af búnaði og munum innan hennar né sé öðrum til ama. Umsagnir bárust við tillöguna og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra deiliskipulagsgagna sem lögð eru fram við afgreiðslu málsins. Þar sem engar byggingarheimildir eru innan svæðisins telur nefndin ekki þörf á frekari fornleifaskráningu á svæðinu umfram minjar sem fram koma innan fornleifaskráningu sem unnin var af Fornleifastofnun Íslands ses v/aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016 og hafa verið færðar inn á uppdrátt skipulagsins. Skipulagsnefnd leggur þó áherslu á að komi í ljós áður óskráðar fornminjar á svæðinu sem deiliskipulagið nær til, þegar notkun þess hefst, skuli lóðarhafi tilkynna um það til Minjastofnunar Íslands. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Tillagan verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra deiliskipulagsgagna sem lögð eru fram við afgreiðslu málsins. Þar sem engar byggingarheimildir eru innan svæðisins telur sveitarstjórn ekki þörf á frekari fornleifaskráningu á svæðinu umfram minjar sem fram koma innan fornleifaskráningu sem unnin var af Fornleifastofnun Íslands ses v/aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016 og hafa verið færðar inn á uppdrátt skipulagsins. Sveitarstjórn leggur þó áherslu á að komi í ljós áður óskráðar fornminjar á svæðinu sem deiliskipulagið nær til, þegar notkun þess hefst, skuli lóðarhafi tilkynna um það til Minjastofnunar Íslands. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Tillagan verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 28. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. júní sl.

Lagðar fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

3. Héraðsnefnd Árnesinga bs.: Fundargerð 30. fundar framkvæmdastj. frá 22. apríl 2025.

Lögð fram fundargerð 30. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. Héraðsnefnd Árnesinga bs.: Fundargerð 31. fundar framkvæmdastj. frá 3. júní 2025.

Lögð fram fundargerð 31. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Handwritten signatures and initials in purple ink: ARJ, ABS, RSE, BV, and a large stylized signature.

5. **Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 17. fundar stjórnar frá 24. júní 2025.**
Lögð fram fundargerð 17. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga.

Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn fagnar þeirri breytingu á samþykktum sem lögð er til sem mun þar með gefa Byggðasafni Árnesinga heimild til að eiga hlut í og taka að sér rekstur annarra safna sé fjárhagslegur grundvöllur þess rekstrar tryggður.

6. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 245. fundar frá 20 júní 2025.**
Lögð fram fundargerð 245. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. **Bergrisinn bs.: Fundargerð 86. stjórnarfundar frá 23. júní 2025.**
Lögð fram fundargerð 86. stjórnarfundar Bergrisanas bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

8. **Arnardrangur hses.: Fundargerð 24. stjórnarfundar frá 23. júní 2025.**
Lögð fram fundargerð 24. stjórnarfundar Arnardrangs hses.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

9. **SASS: Fundargerð 623. fundar stjórnar frá 6. júní 2025.**
Lögð fram fundargerð 623. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

Hér vék Ragnhildur S. Eypórsdóttir af fundi.

10. **Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 24. júní 2025.**
Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Sonus viðburða ehf. um tækifærisleyfi til áfengisveitinga á Sæsabar, Smiðjustíg 10, vegna lengdrar opnunar um verslunarmannahelgina, dagana 31. júlí til 4. ágúst.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umrætt leyfi verði veitt.

11. **Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 25. júní 2025.**
Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Sonus viðburða ehf um tækifærisleyfi til áfengisveitinga í og við Félagsheimilið á Flúðum og í Torfdal, Flúðum á útihátíðinni Flúðir um Versló dagana 31. júlí til 4. ágúst.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umrætt leyfi verði veitt.

Hér tók Ragnhildur S. Eypórsdóttir aftur sæti á fundi.

12. **Bréf frá Eignarhaldsfélagi Suðurlands frá 20. júní 2025.**
Lagt fram bréf frá Eignarhaldsfélagi Suðurlands þar sem boðað er til aðalfundar EFS föstudaginn 4. júlí nk.

Lagt fram til kynningar en sveitarstjóri er fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.

ARJ
RSE
ABS
SR
BV

13. Bréf frá söngsveitinni Tvennir tímar frá 22. júní 2025.

Lagt fram bréf frá söngsveitinni Tvennir tímar, þar sem þakkað er fyrir þann hlýhug og velvilja sem þeim hefur verið sýndur með því að styrkja starfsemi kórsins.

Sveitarstjórn þakkar það frábæra menningaraukandi starf sem kórinn stendur fyrir og óskar kórfélögum og stjórnanda velfarnaðar í framtíðinni.

14. Drög að samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Hrunamannahrepps.

-Auk viðauki 1 um fullnaðarafgreiðslu barnaverndarmála samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 70/2002.

- Auk viðauka 2 um fullnaðarafgreiðslu mála til deildarstjóra velferðarsviðs á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga um húsnæðismál.

Lögð fram drög að samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Hrunamannahrepps ásamt viðaukum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa samþykktinni til síðari umræðu með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.

15. Minnisblað frá starfshópi um húsnæðismál Leikskólans Undralands frá 25. júní 2025.

Lagt fram minnisblað frá starfshópi um húsnæðismál Leikskólans Undralands.

Sveitarstjórn þakkar starfshópnum góð störf og þær tillögur sem hér eru lagðar fram. Stefnt verður að því að deild fyrir yngstu börnin opni í núverandi ráðhúsi á þessu ári og að hönnunarvinna vegna nýrrar viðbyggingar við núverandi leikskóla hefjist í haust.

16. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Samþykkt að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn þann 7. ágúst 2025.

Fjárhagsleg málefni:

17. Drög að gjaldskrá og reglum fyrir skrifstofuaðstöðu í Félagsheimili Hrunamanna.

Lögð fram drög að gjaldskrá og reglum fyrir skrifstofuaðstöðu í Félagsheimili Hrunamanna.

Sveitarstjórn samþykkir reglurnar samhljóða með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.

18. Framlenging á samningi um garða- og sláttupjónustu.

Lögð fram framlenging á samningi um garða- og sláttupjónustu.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða.

Mál til kynningar:

19. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 981. fundar frá 13. júní 2025.

Lagt fram til kynningar.

20. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 982. fundar frá 16. júní 2025.

Lagt fram til kynningar.

21. Fundargerð ársfundar Brákar íbúðafélags hses., vegna ársins 2023.

Lagt fram til kynningar.

SR
RSE
APJ
BV
APS

22. Fundargerð aðalfundar Veiðifélags Stóru-Laxár ásamt ársreikningi 2024 og fylgiskjöllum.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:22

Bjarney Vignisdóttir



Ragnhildur Stefania Eyfarsdóttir

Alexandra Rós Jóhannesdóttir

Arna Þóll Sigmundsd.

Alti Hafkin